



845. fundur stjórnar GSÍ, 9. janúar 2014, kl.16:30 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Eggert Sverrisson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gylfi Kristinsson, Theódór Kristjánsson og Gunnar Gunnarsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð frá fundi 3. desember s.l. lögð fram og var hún samþykkt.

2. Staðan í mótanefnd golfþings

Gylfi gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Hún hefur haldið 2 fundi og ákvað nefndin að byrja á Eimskipsmótaröðinni og skoða síðan önnur mót á vegum GSÍ. Nokkur umræða var í nefndinni um að fjölga mótum á mótaröðinni og byrja tímabilið fyrr.

Stefnt er að því að tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir næsta stjórnarfund.

3. Stefna golfhreyfingarinnar

Forseti opnaði umræðu um með hvaða hætti stjórn GSÍ gæti tryggt að samþykkt stefnumótun frá golfþingi gangi eftir. Mikilvægt væri að tímasetja verkefni og stjórnin setti sér markmið varðandi tímasetningu þeirra. Samþykkt að Eggert taki að sér verkefnastjórn og leggi fram tillögur á næsta stjórnarfundum um verklag.

4. Vinna laganefndar

Rætt um breytingar á reglugerðum. Forseti og framkvæmdastjóri hafa fundað með forystumönnum LEK og hafa þeir mikinn áhuga á breytingum á reglugerð um sveitakeppni eldri kylfinga. LEK var falið að leggja fram tillögur þar að lútandi til laganefndar.

Þá liggur fyrir frá dómarnefnd tillaga um breytingar á reglugerð um hlutverk liðstjóra í sveitakeppnum. Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi öllum aðildarfélögum erindi þar sem þess aðildarfélögum er gefin frestur til 12. febrúar til að leggja fram hugmyndir að breytingum á reglugerðum. Í framhaldinu færi laga- og reglugerðarnefndin yfir tillögurnar og legði þær síðan fyrir stjórnarfund.

5. Álit R&A á úrslitum í sveitakeppni kvenna 2013

Lögð fram fundargerð dómarnefndar, en þar eru rakin samskipti nefndarinnar við fulltrúa R&A. Fram kemur að þau samskipti voru fyrst og fremst á óformleg og ekki um úrskurð R&A að ræða.

Samþykkt að fara þess á leit við dómarnefnd að hún kanni þann möguleika að fá formlegan úrskurð dómarnefndar R&A um hvort ákvörðun mótsstjórnar hafi verið rétt og/eða hvort reglugerð GSÍ um sveitakeppni karla og kvenna sé í andstöðu við golfreglur.

6. Málefni landsliðsþjálfara

Formaður afreksnefndar gerði grein fyrir þeirri ákvörðun landsliðsþjálfara að hann hefði ákveðið að draga uppsögn sína til



baka. Formaður ásamt forseta og framkvæmdastjóra funduðu með landsliðsþjálfara þar sem farið var yfir málin. Ánægja var með þann viðsnúning á fundinum og samþykkt forseti að hann myndi mæla með að uppsögnin gengi til baka. Jafnframt að landsliðsþjálfari fengi það hlutverk að leggja fram tillögur um framtíðarskipan landsliðsmála á næsta fundi afreksnefndar, sem síðar yrði kynnt á stjórnarfundi.

Var tillaga forseta um að uppsögnin gengi til baka samþykkt og formanni afreksnefndar falið að kynna framtíðar skipan landsliðsmála þegar nefndin hefur komið sér saman um skipulag þeirra.

7. Starfsreglur stjórnar

Kristín sendi stjórnarmönnum tillögur að starfsreglum stjórnar og lagði Bergþóra fram drög að starfsreglum stjórnar GSÍ sem byggðar voru á þeim tillögum. Samþykkt var að stjórnarmenn færu yfir tillögur Bergþóru á milli funda. Þeim tilmælum beint til stjórnarmanna að þeir sendi henni og Gunnari athugasemdir eða breytingartillögur ef þess væri þörf. Stefnt yrði að því að starfsreglur yrðu samþykktar á næsta stjórnarfundi.

8. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um stofnun Golfvallarnefndar sem hefði það hlutverk að styðja við fulltrúa GSÍ í stjórn STERF. Edwin Rögnvaldsson er fulltrúi GSÍ í stjórn STERF og hefur hann lagt áherslu á að fá fleiri aðila til skrafs og ráðagerða um rannsóknarmál tengdum golfvöllum þannig að tryggt yrði að sótt yrði um styrki frá STERF til rannsókna hér á landi í hvert skipti og auglýst væri eftir styrkumsóknum. Með stofnum slíkrar nefndar sem hefði það hlutverk að fylgjast með þessum málum og einnig að kynna rannsóknarniðurstöður frá STERF næðist meiri árangur í þessum málaflokki. Hugmyndin fékk góðar undirtektir og var samþykkt að vísa þessari hugmynd til verkefnastjóra um stefnumótun GSÍ til frekari úrvinnslu.

Karl Ómar Karlsson sendi erindi um gerð fræðsluefnis fyrir golfklúbba. Þar óskar hann eftir stuðningi frá GSÍ til að vinna að fræðsluefni sem hefði það hlutverk að leiðbeina klúbbum að skipuleggja barna-og unglingastarf. Samþykkt að skoða verkefnið milli funda og jafnframt var því vísað til verkefnastjóra um stefnumótun, hvort þörf væri á að stofna sérstaka fræðslunefnd GSÍ eða hvort slíkt verkefni færi til umfjöllunar í útgáfunefnd.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður fimmtudaginn 13. febrúar kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.